Nr. 13.
12.
maí.

# Lög

um

umsjón og fjárhald kirkna.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, **Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,**

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar tveir hlutar sóknarmanna í einhverri sókn, sem til kirkju gjalda, óska á almennum safnaðarfundi að söfnuðurinn taki að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar, og eigandi eða umráðamaður hennar er fús til að láta það af hendi, skal afhenda kirkjuna söfnuðinum að fengnu samþykki hjeraðsfundar og biskups. Svo má og svipta sóknarprest fjárhaldi ljenskirkju og afhenda kirkjuna söfnuðinum, þótt presturinn ekki sje því samþykkur, ef hjeraðsfundur og biskup álíta hann óhæfan til að sjá um fje kirkjunnar.

2. gr.

Nú vill eigandi eða fjárráðamaður kirkju selja af hendi umsjón hennar og fjárráð, og er kirkjuráðanda rjett að bera það mál upp við hjeraðsprófastinn. Skal þá prófastur sjá um, að haldinn verði almennur safnaðarfundur í sókninni og málið borið upp á honum. Verði tveir hlutar atkvæða sóknarmanna, þeirra er til kirkju gjalda, með því, að söfnuðurinn taki við fjármálum kirkjunnar og umsjón, fer um það mál, sem segir í 1. grein, ella er málið fallið að sinni.

3. gr.

Þegar kirkja er afhent söfnuði, skal prófastur með tveim óvilhöllum úttektarmönnum gjöra nákvæma úttekt á kirkjunni, eignum hennar, áhöldum og gripum. Skulu úttektarmenn meta sanngjarnt álag á kirkjuna og það, sem henni fylgir, ef þeim virðist þess þörf. Greiðir sá, er kirkju hefur haldið, álagið að þeim hluta, sem sjóður kirkjunnar eigi vinnst til, í hendur sóknarnefndinni, er tekur við kirkjunni og fje hennar fyrir hönd safnaðarins.

Nú er kirkja í skuld við forráðamann sinn, og úttektarmenn gjöra álag á hana, og skal þá forráðamaður hennar eigi að síður greiða álagið; en úttektarmenn meta, að hve miklu leyti skuldina skuli endurgjalda af tekjum kirkjunnar eptirleiðis. Mat þetta liggur undir samþykki biskups. Hafi lán verið tekið af almannafje til að byggja kirkju, skal greiða á sama hátt það, sem ógreitt er af vöxtum og afborgun.

# Lov

Nr. 13.
12te
Mai.

om

## Tilsyn med Kirker og Bestyrelsen af deres Formue.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Naar 2 Trediedele af de Menighedsmedlemmer i et Sogn, der yde Bidrag til Kirken, paa et almindeligt Menighedsmøde begjære, at Menigheden skal overtage Tilsynet med Kirken og Bestyrelsen af dens Formue, og Kirkens Eier eller Tilsynsmand er villig til at afstaa samme, bør Kirken overleveres til Menigheden, efterat der i Forveien er erhvervet Herredsmødets og Biskoppens Samtykke dertil. Ligeledes kan Bestyrelsen af en Lens- (Beneficiær-) Kirkes Formue fratages vedkommende Sognepræst, og Kirken overdrages til Menigheden, selv om Præsten ikke giver sit Samtykke hertil, saafremt Herredsmødet og Biskoppen ansee ham uskikket til at forvalte Kirkens Formue.

§ 2.

Naar en Kirkes Eier eller Tilsynsmand ønsker at fratræde Tilsynet med og Værgemaalet for Kirken, har han derom at indgive Andragende til Herredsprovsten. Denne drager derefter Omsorg for, at et almindeligt Menighedsmøde afholdes i Sognet, og at Sagen forelægges dette. Dersom to Trediedele af de Menighedsmedlemmer, der yde Bidrag til Kirken, afgive Stemmer for, at Menigheden skal overtage Værgemaalet og Tilsynet med Kirken, forholdes hermed efter Bestemmelsen i § 1, i modsat Fald bortfalder Sagen for Tiden.

§ 3.

Naar en Kirke overleveres til Menigheden, bør Provsten med to uvillige Udtægtsmænd foretage en nøiagtig Udtægtsforretning over Kirken, dens Eiendele, Utensilier og Ornamenter. Udtægtsmændene bør bestemme billig Aabod paa Kirken og dens Tilbehør, forsaavidt de finde det fornødent. Forsaavidt Kirkens Portion ikke er tilstrækkelig, betales Aaboden af den fratrædende Tilsynsmand til Sogneudvalget, der modtager Kirken og dens Beholdning paa Menighedens Vegne.

I Fald Kirken staar i Gjæld til sin Tilsynsmand, og Udtægtsmændene bestemme en Aabod paa Kirken, bør Tilsynsmanden ikke desto mindre udrede Aaboden, men Udtægtsmændene bør taxere, med hvor stor en Del Kirkens Gjæld fremtidigt bliver at tilbagebetale ham af Kirkens Indtægt. Til denne Taxation udfordres Biskoppens Approbation. Har der været optaget et Laan af offentlige Penge, til at bygge Kirken for, skal paa samme Maade afbetales hvad der resterer af Renter og Afdrag.

Nr. 13. 12. maí. Ef hinn fyrverandi forráðamaður kirkjunnar eða sóknarnefnd er óánægð með úttektina, má skjóta henni til yfirúttektar.

Heimilt er sóknarnefnd að taka við kirkju, án þess að regluleg úttekt sje gjörð, ef samþykki hjeraðsprófasts kemur til, og hann afhendir kirkjuna.

4. gr.

Söfnuðir þeir, sem taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna, gangast undir allar þær skyldur, sem legið hafa á eigendum þeirra eða forráðamönnum, að því er kemur til endurbyggingar kirkju, viðhalds og hirðingar. Skal sóknarnefndin fyrir hönd safnaðarins heimta kirkjutekjurnar saman, svo sem lög standa til, og koma kirkjusjóðnum á vöxtu. Fyrir innheimtu og ómak sitt skal sóknarnefndin fá 6 af 100 af árstekjum kirkjunnar. Þá er sóknarnefnd hefur tekið við fjárhaldi kirkju, skulu skoðunarlaun kirkjureikninga niður falla.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 12. dag maím. 1882.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Dersom Kirkens forhenværende Tilsynsmand eller Sogneudvalget ikke er tilfreds med Udtægtsforretningen, kan der forlanges Overudtægt. Nr. 13. 12te Mai.

Sogneudvalget kan overtage en Kirke uden foregaaende regelmæssig Udtægtsforretning, dersom Herredsprovsten meddeler sit Samtykke dertil, og han afleverer Kirken.

§ 4.

De Menigheder, der overtage Tilsynet med og Værgemaalet for Kirkerne, ere alle de Forpligtelser undergivne, der have paahvilet disses Eiere eller Tilsynsmænd, forsaavidt angaaer Ombygning, Vedligeholdelse og Pasning af Kirken. Sogneudvalget oppebærer paa Menighedens Vegne Kirkens Indtægter paa den i Loven foreskrevne Maade og gjør Kirkens Beholdning frugtbringende. For Inkassation og Uleilighed tilkommer der Sogneudvalget 6 pCt. af Kirkens aarlige Indtægt.

Naar Sogneudvalget har overtaget Kirkens Værgemaal, bortfalder Betalingen for Revision af Kirkens Regnskaber.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 12te Mai 1882.

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*